



## Allt með kyrrum kjörum á gjaldeyrismarkaði

Íslenska krónan styrktist lítillega á móti evrunni í ágústmánuði. Í lok mánaðar stóð hún í 153,8 á móti evru í samanburði við 154,2 í lok júlí, sem samsvarar um 0,3% styrkingu.

Krónan veiktist lítillega á móti Bandaríkjadal og stóð í 117,1 í lok mánaðar sem er um 1,6% veiking milli mánaða. Á móti sterlingspundi stóð hún næstum óbreytt í 194,3, en veiktist um 3,1% á móti norsku krónunni. Gengisvísitalan hækkaði um 0,2% í mánuðinum.

### Krónan stöðug, a.m.k. á móti evru




Krónan er búin að vera mjög stöðug á móti evru síðan í byrjun apríl, en ein evra kostar núna um krónu minna en þá.

Vegna þess að evran veiktist á móti Bandaríkjadal á þessu tímabili, kostar einn dollar nú um fimm krónum meira en í byrjun apríl<sup>1</sup>. Í ljósi þess að innlánsvextir Evrópska seðlabankans eru komnir niður fyrir núll má búast við að dollarinn haldi áfram að verða dýrari ef krónan verður áfram stöðug á móti evru.

### Veltan er að aukast

Veltan á millibankamarkaði með gjaldeyri hélt áfram að aukast í ágúst. Alls skiptu 219 milljón evra (33,7 ma.kr.) um hendur í mánuðinum. Þetta er rúm fjórföld meðalvelta árána 2009 til 2013 en á þeim árum var veltan að meðaltali 54 m.evrur á mánuði. Veltan hefur leitað nokkuð jafnt upp á við síðan í byrjun árs 2011. Þess má geta að veltan árið 2008 var að meðaltali um 5.300 m.evra á mánuði.

Eins og svo oft áður var veltan mest undir lok mánaðar þegar útflutningsfyrirtæki selja gjaldeyri til að eiga fyrir innlendum kostnaði sem kemur til um mánaðamót, en fimmtungur veltunnar var seinasta virka dag mánaðarins.



<sup>1</sup> Athugið að einungis er verslað með evrur á millibankamarkaði með gjaldeyri. Gengi á öðrum gjaldmiðlum er reiknað út frá gengiskrossi á móti evru erlendis.



Einungis voru tveir viðskiptadagar þar sem engin viðskipti áttu sér stað.

### Lítill tengsl milli afgang af utanríkisverslun og kaupa SÍ á gjaldeyri

Af 219 m.evra heildarveltu keypti Seðlabanki Íslands (SÍ) 115 milljónir evra sem er 53% af veltu mánaðarins. Frá áramótum er SÍ búinn að kaupa gjaldeyri fyrir um 70 ma.kr.

Lítill tengsl virðast vera á milli afgang af vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd og kaupum SÍ á gjaldeyri. Til að mynda keypti SÍ gjaldeyri fyrir 40 ma.kr. á fyrri helmingi ársins, en afgangurinn af viðskiptum með vöru og þjónustu var 28 ma.kr. á þessu tímabili. Bankinn keypti því um 12 mar.kr. af erlendum gjaldeyri umfram afgang af vöru- og þjónustuviðskiptum. Til samanburðar keypti bankinn nettó einungis fyrir um 1 ma.kr. í fyrra þrátt fyrir 156 ma.kr. afgang af vöru- og þjónustuviðskiptum.

### Arion banki heldur áfram að vinda ofan af gjaldeyrisstöðu sinni




Í mánuðinum birtu viðskiptabankarnir þrír sem eru (auk SÍ) aðilar að millibankamarkaði með gjaldeyri uppgjör fyrir annan ársfjórðung.

Mest breyting í hreinni gjaldeyrisstöðu var hjá Arion banka, en hún lækkaði um 5 ma.kr. Frá áramótum hefur hrein gjaldeyrisstaða bankans lækkað um 15 ma.kr. Hrein gjaldeyrisstaða Íslandsbanka og Landsbankans hreyfðist mun minna á fjórðungnum.

### Óvíst hvort fleiri gjaldeyrisútboð verða

Í seinasta gjaldeyrisútboði SÍ borguðu eigendur aflandskróna sem fastar eru hér á landi 181 krónu fyrir hverja evru, sem samsvarar 17% álagi á gengið á millibankamarkaði. Verðbilið milli gjaldeyrisútboða og gjaldeyrismarkaðarins hefur farið minnkandi á síðustu misserum, en þetta álag fór hæst í 54% mitt ár 2012 þegar eigendur aflandskróna borguðu 245 krónur fyrir hverja evru.

Munurinn á gengi krónunnar í gjaldeyrisútboði og á gjaldeyrismarkaði er ágætis mælikvarði á þolinmæði eigenda aflandskróna gagnvart því að komast úr landi með fjármuni sína. SÍ hefur áður sagt að í kjölfar þess að munurinn væri kominn nógu langt niður mætti huga að næstu skrefum í átt að






afléttingu haftanna, svo sem skuldabréfaskiptum eða útgönguskatti.

SÍ er ekki búinn að gefa út hvort eða hvenær næsta útboð verður. Þetta er viss stefnubreyting, en hingað til hefur SÍ ávalt gefið út hvenær næsta útboð verður í tengslum við það næsta á undan. Aðspurðir um hugsanleg endalok gjaldeyrisútboðanna á fundi með blaðamönnum og sérfræðingum á fjármálamarkaði fyrr í ár tóku fulltrúar SÍ skýrt fram að bankinn myndi tilkynna slíkt með góðum fyrirvara. SÍ er því að gefa misvísandi skilaboð með því að vera ekki búinn að tilkynna hvort fleiri útboð verða.

### ***Raungengi óbreytt milli mánaða***

Raungengi íslensku krónunnar m.v. hlutfallslegt verðlag í ágúst er nær óbreytt milli mánaða. Tólf mánaða hækkun raungengisins er 4,3%.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.